

Fimmtudaginn 13. maí 1993.

Nr. 239/1990. **Karl Sigmar Karlsson,**

Bjarg sf. og

Þrotabú Hafnarbergs hf.

(Guðmundur Markússon hrl.)

gegn

Jóni Kristjáni Guðmundssyni vegna

Fiskbúðarinnar Sævers

(Björn Ólafur Hallgrímsson hrl.).

Lausafjárkaup. Samningar. Sönnun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hjörtur Torfason og Garðar Gíslason og Gunnar G. Schram prófessor.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. júní 1990. Málinu var áður áfrýjað með stefnu 3. maí 1990 í máli nr. 181/1990, er féll niður á fyrirhuguðum þingfestingardegi 1. júní sama ár. Dómkröfur áfrýjenda eru þær, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og þeir sýknaðir af kröfum stefnda í málinu. Þeir krefjast og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Eftir að dómur var upp kveðinn í héraði, hefur bú áfrýjandans Hafnarbergs hf. verið tekið til gjaldþrotaskipta, og hefur þrotabú hlutafélagsins tekið við aðild þess að málinu.

Hér fyrir dómi hafa áfrýjendur sérstaklega haldið því fram, að samkomulag milli málsaðila um 30 krónur sem verð pr. kg af ýsu annars vegar og þorski hins vegar hafi ekki legið fyrir við upphaf viðskiptanna, eins og stefndi byggir á, heldur hafi þetta verð komið til umræðu síðar og ekki orðið bindandi fyrir þá. Þessi staðhæfing áfrýjenda fær ekki næga stoð í gögnum málsins. Jafnframt liggur fyrir, að umrætt verð var sem næst hið sama og gildandi lágmarksverð á fyrsta flokks fiski af þessum tegundum samkvæmt ákvörðun Verðlagsráðs sjávarútvegsins. Staðhæfingar áfrýjenda um gæði fisksins, sem afhentur var, njóta ekki stuðnings í neinum gögnum frá óháðum aðilum. Að þessu athuguðu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm með skírskotun til forsendna hans.

Rétt er, að áfrýjendur greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem á er kveðið í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, Karl Sigmar Karlsson, Bjarg sf. og þrotabú Hafnarbergs hf., greiði stefnda, Jóni Kristjáni Guðmundssyni vegna Fiskbúðarinnar Sævers, óskipt 80.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur aukadómþings Árnassýslu 27. febrúar 1990.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 15. þ. m., er höfðað fyrir aukadómþinginu með stefnu, birtri 12. nóvember 1988, af Rúnari Mogensen héraðsdómslögmanni f. h. Fiskbúðarinnar Sævers, Háaleitisbraut 58-60, Reykjavík, gegn Karli Sigmari Karlssyni, Básahrauni 11, Þorlákshöfn, persónulega og f. h. Bjargs sf., Hafnarskeiði 17, Þorlákshöfn, og Guðfinni Karlssyni, Lýsbergi 6, Þorlákshöfn, stjórnarformanni Hafnarbergs hf., f. h. félagsins.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða stefnanda skuld, að fjárhæð 755.011 krónur ásamt [nánar tilgreindum vöxtum svo og málskostnaði].

Mál þetta, sem var höfðað sem áskorunarmál, var þingfest 30. nóvember 1988. Var þá sótt þing af hálfu stefndu og þeim veittur frestur til greinargerðar. Í þinghaldi 18. janúar 1989 skiluðu stefndu greinargerð sinni, og var málinu þá í samræmi við 1. mgr. 230. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 26. gr. laga nr. 54/1988, vikið til almennrar meðferðar.

Dómkröfur stefndu eru þær, að þeir verði alsýknaðir af dómkröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða þeim málskostnað að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands, og beri málskostnaðarfjárhæðin dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Sáttaumleitanir dómara báru ekki árangur.

II.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að á vetrarvertíð árið 1987 hafi málsaðilar gert með sér samkomulag þess efnis, að þeir skiptu á þorski og

ýsu, og skyldi sama verð greitt fyrir hvert kíló af fiski, 30 krónur. Á grundvelli þessa samkomulags hafi stefnandi selt stefnda Bjargi sf. 48.570 kíló af þorski. Miðað við ofangreint samkomulag málsaðila sé verðmæti þessa magns af þorski samtals 1.457.100 krónur. Stefndi Bjarg sf. hafi á sama tíma selt stefnanda fisk fyrir 702.089 krónur. Í samkomulagi aðila hafi verið við það miðað, að mismunur, hvorum megin sem hann yrði, skyldi greiddur í peningum. Stefnu hafi hins vegar ekki fengist til að greiða mismun ofangreindra fjárhæða, 755.011 krónur, sem sé stefnufjárhæð málsins. Í stefnu er tekið fram, að stefndu Karl Sigmar Karlsson og Hafnarberg hf. séu skráðir sameigendur Bjargs sf.

Um lagarök vísar stefnandi til kaupalaga nr. 39/1922.

III.

Málsástæður og lagarök stefndu.

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að í framangreindu samkomulagi málsaðila um jöfn skipti á þorski og ýsu hafi verið við það miðað, að um algjörlega sambærilegan fisk yrði að ræða að aldri og gæðum. Fljótlega eftir að skipti þessi hófust, hafi komið í ljós, að þorskur sá, sem barst frá stefnanda, hafi verið mjög lakur að gæðum og gamall. Hafi þá strax verið haft samband við stefnanda og honum tjáð, að ekki kæmi til greina, að greitt yrði fyrir eitt kíló af þorski með einu kíló af ýsu. Hámark væri að greiða tvö kíló af þorski með einu kíló af ýsu, með öðrum orðum, að ýsan væri helmingi verðmeiri en þorskurinn. Eftir þetta hafi stefnandi haldið áfram að senda fisk, og hafi stefndu talið, að samkomulag gæti orðið um þennan verðmun í skiptum aðila. Þegar hins vegar hafi komið í ljós, að stefnandi hugðist halda til streitu kíló á móti kíló, hafi stefndu hætt að senda honum ýsu og neitað að taka við frekari þorski. Stefnu hafi talið sig vera búna að fullborga þann þorsk, sem þeir höfðu fengið frá stefnanda, og því neitað frekari greiðslum.

IV.

Fyrir dóminn hafa komið og gefið skýrslur í máli þessu Kristján Guðmundsson fiskisali, en Fiskbúðin Sæver er einkafirma hans, stefndi Karl Sigmar Karlsson, Ásberg Lárenzínusson verkstjóri og Jóhannes Guðmundur Brynleifsson vörubifreiðastjóri.

Í málinu er óumdeilt, að Bjarg sf. hafi tekið við 48.570 kílóum af þorski frá stefnanda á tímabilinu 20. febrúar til 4. apríl 1987. Þá er upplýst, að samkvæmt samkomulagi stefnanda og Bjargs sf. skyldi hvert kíló af fiski metið á 30 krónur í viðskiptum þeirra. Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að samkomulag aðila hafi að þessu leyti verið bundið þeim fyrirvara, að um sambærilegan fisk að gæðum yrði að ræða. Hvað sem því líður, verður að telja, svo sem sönnunarreglum er háttáð og með hliðsjón af stöðu

vitnanna Ásbergs Lárenzínussonar og Jóhannesar Guðmundar Brynleifs-sonar gagnvart stefndu, að stefndu hafi ekki tekist að hnekkja þeirri staðhæfingu stefnanda, að við endanlegt uppgjör á umræddum viðskiptum beri eingöngu að leggja framangreint einingarverð til grundvallar. Verður því að fallast á það með stefndanda, að verðmæti ofangreinds magns af þorski við sölu til stefnda Bjargs sf. teljist vera 1.457.100 krónur. Samkvæmt þessari niðurstöðu teljast stefndu hafa greitt 702.089,00 krónur upp í endanlega kröfu stefnanda, en hluti þeirrar fjárhæðar var greiddur í peningum.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, verða dómkröfur stefnanda teknar til greina. Vaxtakrafa stefnanda brýtur ekki gegn ákvæðum vaxtala-
laga nr. 25/1987 og hefur ekki sætt andmælum. Verða vextir því eins og í dómsorði greinir.

Dæma ber stefndu in solidum til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 135.000 krónur. Að kröfu stefnanda og með vísan til 3. mgr. 175. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 21. gr. laga nr. 54/1988, skal málskostnaðarfjárhæð bera dráttarvexti samkvæmt 10. gr. vaxtala-
laga frá 15. degi eftir dómsuppsögu og til greiðsludags.

Þorgeir Ingi Njálsson, settur héraðsdómari, kvað upp dóm þennan, en dómariinn fékk málið til meðferðar 16. september sl.

D ó m s o r ð :

Stefndu, Bjarg sf., Karl Sigmar Karlsson og Hafnarberg hf., greiði in solidum stefnanda, Fiskbúðinni Sæveri, 755.011 krónur ásamt 30% ársvöxtum frá 20. júní 1987 til 1. júlí s. á., 36% ársvöxtum frá þeim degi til 1. ágúst s. á., 40,8% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. október s. á., 43,2% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember s. á., 45,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á., 49,2% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1988, 51,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars s. á., 45,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. maí s. á., 44,4% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júlí s. á., 52,8% árs-
vöxtum frá þeim degi til 1. ágúst s. á., 56,4% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., 49,2% ársvöxtum frá þeim degi til 1. október s. á., 33,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember s. á., 27,6% ársvöxtum frá þeim degi til 12. s. m., en dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndu greiði in solidum stefnanda 135.000 krónur í málskostnað, er skal frá 15. degi eftir dómsuppsögu og til greiðsludags bera dráttarvexti samkvæmt 10. gr. laga nr. 25/1987.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.